

Gamla ástandsskýrslan kvödd

Samantekt á umræðu og ákvörðun um nýtt umbrotsferli

Árni Magnússon og Sigurður Þ. Jónsson

21. apríl 2015

Í umræðunni um að skipta úr Publisher yfir í L^AT_EX við umbrot skýrslunnar kom fljótt í ljós að ávinningurinn er skýrastur fyrir töflukaflann (sjálfvirkt ferli með tengingu við data.hafro.is), en fyrir tegundakaflana eru bæði kostir og gallar við umskiptin.

Meðal galla má nefna upphafskostnað fyrsta árið, í formi aukinnar vinnu fyrir höfunda og ritstjórn, auk þess sem útlit skýrslunnar er ekki eins þjappað og tekur því fleiri síður en undanfarin ár.

Helsti kosturinn er að umbrotsvinnan verður sjálfvirkari og fljótlegri. Tíminn sem áður fór í að breyta samsettum töflum, draga til textabox og myndir og finnstilla lóðrétt bil á hverri síðu getur nú farið í að ritstýra innihaldi skýrslunnar. Annar kostur er að L^AT_EX textaskrárnar er hægt að vinna hvort sem er í Windows eða Linux, en stofnmatsvinnan á Hafró er nær eingöngu unnin í Linux. Með því að vinna með L^AT_EX textaskrár getur ritstjórn nú sjálfkrafa vistað öryggisafrit og nákvæma breytingasögu og leitað að textastreng í öllum köflum samtímis. Auðvelt er að bæta inn tegund, því öll kaflanúmer og tilvísanir í töflur og myndir uppfærast sjálfkrafa. Ferlið undir lok umbrotsins, þegar allir kaflar eru sameinaðir í eitt PDF skjal, er einnig sjálfvirkari og fljótlegri.

Útlit tegundakaflanna breytist nokkuð og í umræðunni kom fram að smekkur fólks er misjafn. Eitt af því sem L^AT_EX umbrotið nær fram er gott samræmi milli blaðsíðna (ein miðlæg stilling verkar á allar blaðsíður). Á hverju ári hefur ritstjórn eytt talsverðum tíma í að samræma útlit blaðsíðna (þar sem allt er handstillt fyrir hverja síðu). Sennilega er misræmið minnst í 2014 skýrslunni, en þó má sjá allmörg dæmi:

1. Í hausnum er inndrátturinn mismikill vinstra megin, en átti ekki að vera neinn inndráttur.
2. Bláar línur í haus og fæti eru ekki á sama stað í tegundaköflum og töflukafla.
3. Línur sem afmarka gráar töflur eru mismunandi innan hverrar töflu, eins og þær birtast í PDF skoðurum. Sumar línur eru svartar og þunnar, aðrar verða gráar og þykkar, enn aðrar hverfa.
4. Tegundaheiti eru stundum með hástöfum, sem áttu að vera litlir hástafir. Dæmi: UFSI í töflu 2.3.2, SKRÁPFLÚRA og LONG ROUGH DAB í mynd 2.11.2, LÝSA og WHITING í mynd 2.20.2.
5. Tegundaheiti hefst stundum á litlum hástaf, sem átti að vera hástafur. Dæmi: mackerel í mynd 2.26.2 og aflamynd.
6. Seinni hluti tegundaheitis hefst stundum á hástaf, sem átti að vera lítill hástafur. Dæmi: Golden Redfish í myndum 2.4.1, 2.4.2, 2.4.3, 2.4.4 og töflu 2.4.1, Greenland Halibut í mynd 2.7.1.
7. Staðsetning kafaheita er ekki alltaf í miðju boxinu. Dæmi: 2.4. Gullkarfi.
8. Box með kafaheiti er ekki alltaf jafnlangt frá haus. Dæmi: 2.16. Hlýri, 2.35. Ígulker.
9. Kafaheitið 2.20. LÝSA var allt með hástöfum, en átti að vera með litlum hástöfum.

Tilgangurinn með þessari upptalningu er að varpa ljósi á veikleika í gamla umbrotsferlinu, en ekki að gagnrýna vandvirka höfunda og ritstjóra skýrslunnar. Þessi atriði þarf ekki einu sinni að lagfæra í ár; þau falla öll undir sjálfvirka hluta umbrotsins.

Til að auka vefaðgengi að skýrslunni gæti Hafró ákveðið að gefa hana einnig út á HTML formi. Það er tiltölulega stutt skref (en þó ekki alsjálfvirkt) að færa texta, töflur og myndir úr L^AT_EX yfir á HTML form, eins og sýnt var fram á með ufsakaflann sem sýnidæmi. Sennilega væri farsælast að slík vefforritun væri unnin af fagfólki utan Hafró, til að ná fram góðu útliti og faglegri hönnun.